

um frv. til laga um Landsbanka Íslands.

Frá öðrum minni hluta fjárhagsnefndar.

Síðan Íslandsbanki hætti að vera aðalbanki þjóðarinnar vorið 1920, hafa verið langvinn átök um það, bversu skipa skyldi seðlaútgáfunni um leið og hún hyrfi i hendur landsmanna aftur frá hinum erlendu hluthöfum, er fengið höfðu þennan rjett í byrjun aldarinnar. Í fyrstu mun engum hafa komið til hugar ann- að en að Landsbankinn ætti að sjálfsgöðu að fá þennan rjett og verða þjóð- banki landsmanna. Samt fór svo, að þetta hefir verið dregið í efa, og jafnvel álitid hættulegt landi og lýð. Margir og ólíkir straumar hafa runnið í farveg þessa máls og leitt til þess, að lausn þess hefir verið frestað ár frá ári. Þar sem landsstjórnin leggur nú út á djúpið í fjórða sinn á kjörtímabilinu til að leysa þetta mál, þykir hlýða að rifja upp aðaldrætti í sögn þess síðan 1923.

Fyrverandi fjármálaráðherra (Kl. J.) fól stjórn Landsbankans árið 1923 að gera tillögur um fyrirkomulag seðlaútgáunnar, á þeim grundvelli, að Lands- bankian færi með þann rjett. En bankastjórnin skilaði ekki þessu frv. fyr en nokkuð var komið fram á þingtíma 1924. Hæfði þá 2. þm. Gullbringu- og Kjósarsýslu (B. Kr.) komið með frv. um að láta Landsbankann ekki fá seðlaútgáfuna, heldur stofna sjerstakan seðlabanka, er hefði það eitt hlutverk að ráðstafa seðlum lands- ins. Fjármálaráðherrann (Kl. J.) bað fjárhagsnefnd Ed. að flytja frv. stjórnar- innar, og varð hún við þeirri beiðni.

Í frv. því, sem stjórn Landsbankans hafði undirbúið, voru gerðar all- miklar breytingar á skipulagi bankans. Bankastjórnin fann, að um leið og bank- inn tók að sjer seðlaútgáfuna og þjóðbankastörf, svo sem skiftin við útlönd, varð hann að fá tryggn stofnsjóð, er hingað til hafði vantað. Var því gert ráð fyrir, að landið legði bankanum til 2 milj. kr. sem fast stofnfje, og auk þess gat full- trúaráðið (bankaráðið) ákveðið, að bankinn fengi aðrar 2 miljónir í stofnfje með almennu hlutaútboði. Alt stofnfjed myndi því hafa orðið 4 miljónir kr. sem föst trygging fyrir sparissjóði og seðlaútgáfu. Hluthafar í stofnfje bankans gátu gert sjer von nm mikinn arð af fje sínu, en áttu ekki að hafa bein áhrif á stjórn bankans.

Yfirstjórn bankans skyldi vera þjá 5 manna bankaráði. Sameinað Alþingi kaus 2 til 6 ára, en landsstjórnin tilnefndi 3, líka til 6 ára. Bankaráðið kaus sjer formann til 1 árs i senn. Það skyldi halda einn fund á mánudi að minsta kosti, og annars oftár, ef þörf þótti.

Viðvíkjandi seðlaútgáfunni gerði frv. ráð fyrir, að hún gæti þegar í stað horfið til Landsbankans, en að i stað þeirra rjettinda, sem Íslandsbanki misti þannig síðustu árin af einkaleyfistima sínum, skyldi Landsbankinn næstu 10 árin veita Íslandsbanka allmikil hlunnindi um reikningslán og endurkaup á víxlum. En þessi endurkaupaskylda, sem var greiðsla fyrir hinn lögboðna seðlaútgáfurjett

frá því frv. gekk í gildi og fram í árslok 1933, átti að minna um  $\frac{1}{10}$  árlega, uns hún hvarf með öllu litlu síðar en leyfistími Íslandsbanka var á enda. Stjórn Landsbankans mælti með þessu fyrirkomulagi, til þess að komast hjá, að tvennskona- seðlar, gulltrygðir en væntanlega óinnleysanlegir fyrst um sinn, yrðu í umferð í einu. Jafnframt gerði stjórn Landsbankans ráð fyrir, að ef Íslandsbanki fjellist ekki á að láta af bendi allan seðlaútgáfurjettinn gegn áðurgreindum hlunnindum, þá keypti Landsbankinn gullforða hans jafnótt og seðlaútgáfan minkaði, enda fengi Íslandsbanki þá engin hlunnindi um reikningslán eða endurkaup á víxlum.

Þá var í þessu frv. haldið við fornan rjett Landsbankans, að hann skyldi geyma opinbert fje, eins og nú er, eftir því sem staðhættir leyfa.

Við meðferð málsins klofnaði fjárhagsnefnd í 3 hluta. Sigurður Eggerz og Jóhann Jósefsson lögðu til, að málinu yrði frestað, svo að sú stjórn, sem þá var tekin við völdum, og situr enn, gæti rannsakað málið og undirbúið það fyrir næsta þing. Hafði fjármálaráðherra (J. P.) beðið um þessa frestun. B. Kr. mælti með seðlastofnun sinni, en fjellist þó á þá lausn, að málinu væri vísað til stjórnarinnar. Tveir nefndarmenn, Ingvar Pálmason og Jónas Jónsson, töldu sig fylgja aðalefni frv., þ. e. því, að Landsbankinn færi með seðlaútgáfuna, en ljetu í ljós óánægju með skipunina á ædstu stjórn bankans, þ. e. fyrirkomulag bankaráðsins, og þá hættu, er þeir, með hliðsjón af þróun sparisjóðs í Íslandsbanka, þvert ofan í stofnlög bankans, gerðu ráð fyrir viðvikjandi valdaaukningu væntanlegra hluthafa um stjórn Landsbankans. Áskildu þeir sjer rjett til að koma með breytingar þessu viðvikjandi við síðari umræðu, ef dagskrá S. E. og J. Jós. yrði vís- að frá. En hún var samþykkt og málið þar með fengið í hendur núverandi fjármálaráðherra (J. P.) eftir beiðni hans.

Í meginatriðum var frv. það, sem stjórn Landsbankans undirbjó, líkt þeim frv., er síðar hafa komið fram og sem meiri hluti þingsins mun hallast að. En á hinu fyrsta frv. voru þó nokkrir megingallar. Fyrst og fremst ákvæðið um hlutafje einstakra manna. Þeir myndu áreiðanlega fjótlega hafa krafast hlutdeildar í yfirstjórn bankans, og þá getað leitt bankann út á viðsjálar brautir, í von um meiri gróða til handa eigendum stofnfjárins. Í öðru lagi voru gróðamögu- leikar stofnfjáreigenda eftir frv. sjálfu alveg óviðeigandi fyrir þjóðfelagið. Í þriðja lagi fjekk landsstjórnin óhæfilega mikil ráð yfir bankanum, myndi í raun rjetttri hafa getað ráðið  $\frac{4}{5}$  af sætum í yfirstjórn bankans. Auk þess var kjörtími banka- ráðsmanna, 6 ár, óeðlilega langur.

Tveir af þeim aðiljum, er síðar hafa haft einhver áhrif á meðferð málsins, höfðu þegar á þingi 1924 tekið fasta aðstöðu. Fulltrúar framsóknarflokksins fjellust á, að Landsbankinn skyldi í framtíðinni vera þjóðbanki Íslendinga, og virðist nú einsætt, að sú stefna muni sigra. B. Kr., þm. G.-K., markaði hinsvegar sporin í aðalandstöðunni gegn Landsbankanum með frv. sínu um nýjan lands- banka, seðlastofnunina. Íhaldsflokkurinn var tvískiftur í málinu, og þess vegna biður fjármálaráðherra um frest til frekari rannsóknar. Að lokum var fulltrúi sjálfstæðisflokksins (S. E.) hikandi, og hallaðist síðan eindregið að seðlastofnun- arkenningu B. Kr.

Fjármálaráðherra (J. P.) hafði, er hann bað um frest til rannsóknar, lát-

ið í ljós, að hann vildi leita fræðslu um málið hjá sænskum sjerfræðingum, væntanlega ekki síst hinum fræga G. Cassel, sem kunnastur er fyrir kenningar sínar um gengismál. Úr því varð þó ekki. Stjórn Landsbankans hafði sent frv. frá 1924 og frv. B. Kr. um seðlastofnun til hagfræðings í Danmörku, er Nielsen hjét. Ritaði hann bankanum aftur og tjáði sig samþykkan aðaltillögum í frv. því, er landsbankastjórnin hafði undirbúið veturinn áður. Fjármálaráðherra hefir væntanlega verið kunnugt um þessi brjefaskifti. En þó undarlegt sje, leitar hann til hins sama manns, prófessor Nielsen, og fær álit hans að nýju. Auk þess sje hann álit Jóns Krabbe skrifstofustjóra. Rannsókn málsins var því ekki fölgín í öðru en tveimur brjefum frá Nielsen og einu frá Krabbe skrifstofustjóra. Ekkert varð úr því, að leitað væri til sænskra sjerfræðinga, enn síður að beðið væri um rökstudda skoðun þjóðbankastjóra á Norðurlöndum.

Fjármálaráðherra (J. P.) lagði frv. um Landsbankann fyrir Ed. 1925. Var þar gengið inn á meginhugsun hins fyrsta frv., sem fulltrúar framsóknarflokksins í Ed. höfðu einir veitt fulla viðurkenningu á þingi 1924. En á hinn bóginn höfðu allir þeir gallar, sem í fyrstu voru á frv., aukist og margfaldast ríkullega við rannsókn þá, er fjármálastjórn landsins hafði verið að framkvæma í heilt ár.

Frv. byrjaði með því að gera bankann að hlutabanka, er væri háður, eftir því sem við varð komið, hlutafjelagalögum. Landið átti ekki að standa í ábyrgð fyrir skuldbindingum bankans, nema með hlutafje sínu. Vitneskja um þessa tryggingarbreytingu myndi hafa leitt til lánstraustsspjalla fyrir bankann. Innstöðufje myndi hafa streymt burtu, og þá að líkindum oft í ótryggari staði. Fjárhagsnefnd Ed. hefir nú í vetur borið þetta mál um ábyrgð landssjóðs á fjárreiðum bankans undir einn af lagakennurum háskólans, og hefir svar hans gengið í þá átt, að landið myndi að lögum bera ábyrgð á skuldbindingum hans. En sjerstaklega væri hin siðferðilega ábyrgð landsins á banka, er það ætti, svo sterk, að óhugsandi væri, að landið gæti nokkurn tíma talið skuldbindingar hans sjer óviðkomandi. Virðist því þessi tillaga fjármálaráðherra hafa verið röng að formi, en skadleg að efni.

Ráðherra hjelt enn fast við hugmyndina um hlutafjed og hin miklu vildarkjör til hlutafjäreigenda, er talið var, að myndu geta fengið höfuðstól sinn endurgreiddan á 5—6 árum með vöxtum og ágóðahlut. Þá lagði stjórnin til, að hver hlutur skyldi vera 10 þús. kr., þannig að stórefnamenn einir myndu hafa getað eignast þá. Var því hættara við, að hinn fámenni hópur þessara hlutafjäreigenda myndi nota aðstöðu sína og áhrif til að draga úr höndum þingsins það vald, er það átti þó samkvæmt frv. að hafa yfir bankanum. Krabbe skrifstofustjóri hafði sjeð þessa hættu og sterklega ráðið frá að gera gróðamenn að eigendum hlutafjárins, og benti á þá leið, að opinberir sjóðir ættu að geta komið til greina sem kaupendur hlutabryfanna. Viðvörðunin var góð, og raunar nálega hið eina, sem hafðist upp úr því að fela stjórninni athugun málsins. En þessi leið hafði þó sama ágalla eins og sú framkvæmd íslenskra stjórnarvalda að kaupa hlutabryf Íslandsbanka, sem nú standa í 30—35 kr. hundraðið, fyrir fje ómyndugra og opinberra sjóða, einkum ef bankinn var sviftur landsábyrgð.

Þá lagði ráðherra til, að þessu hlutafjelagi fárra gróðamanna væri af-

hentur seðlaútgáfurjetturinn í hálfá öld. Með því móti var þvergirt fyrir umbætur á stofnuninni í 50 ár. Hluthafarnir myndu hafa mótmælt hverri tilraun þingsins til að breyta bankalögunum, þó að viðurkendir hagsmunir almennings væru í veði, ef sjerhagsmunir hluthafanna voru á móti.

Þá gerði frv. stjórnarinnar ráð fyrir, að Landsbankinn tapaði rjettinum til að geyma opinbert fje. Var það bersýnilega gert til að þóknast andstæðingum Landsbankans, sem jafnan höfðu verið óvinveittir þessu skipulagi. Má telja vist, að ef þetta ákvæði verður felt úr bankalögunum, þá muni verða hafin sókn að nýju til að endurviuna þann rjett til handa landsins eigin banka, sem honum ber samkvæmt eðli málsins.

Svo sem að líkindum lætur, hafði skipun bankaráðsins ekki batnað eða orðið þjóðlegri við meðferð fjármálaráðherra. Landsstjórnin átti að hafa í hendi sjer alt ráð bankans. Bankaráðið hafði aðeins tillögurjett um skipun nýrra bankastjóra, en stjórnin veitingarvaldið. Auk þess gat stjórnin rekið bankastjóra frá, einn eða fleiri í einu, um lengri eða skemmri tíma. Að öllum líkindum hefir fjármálaráðherra komist að þeirri niðurstöðu, af viðtali við bankastjóra Íslandsbanka, að þeir vildu ekki sleppa seðlaútgáfurjettinum móti þeim friðindum, sem Landsbankinn hafði þá stungið upp á. Í 46. gr. frv. er þess vegna tekin upp varatilaga Landsbankastjórnarinnar frá því árið áður, um að Landsbankinn kaupi gullforða Íslandsbanka jafnótt og hann losnar, en hins vegar hvíli engin skylda á Landsbankanum að endurkaupa vixla með vildarkjörum af Íslandsbanka.

Mál þetta kom nú til fjárhagsnefndar Ed., og áttu í henni sæti sömu menn og árið áður. Sig. Eggerz var formaður nefndarinnar. Hafði nefndin málið til meðferðar á fjölmörgum fundum. En niðurstaðan varð sú, að 4 af 5 nefndarmönnum voru svo óánægðir með undirbúning stjórnarinnar, að þeir vildu, að þingið tæki það úr höndum ráðherranna og setti nýja menn til að annast um undirbúning og rannsókn fram til næsta þings. Einn nefndarmanna (J. Jós.) lagði til, að frv. væri samþykkt með litlum breytingum. Meðal annars gekk hann þá inn á tillögu Krabbe skrifstofustjóra um að útiloka einstaka menn frá hluta-fjárkaupum. Var þá mótstaðan gegn göllum frv. farin að bera nokkurn árangur.

Meiri hluti nefndarinnar var mjög ósammála um allar jákvæðar tillögur um lausn seðlamálsins, en gat aðeins sameinast um að standa móti frv. stjórnarinnar, þó að sú mótstaða væri byggð á mjög ólíkum forsendum. Fulltrúar fram-sóknarmanna (I. P. og J. J.) vildu gera Landsbankann að seðlabanka, og voru um það á sömu skoðun og fjármálaráðherra. En þeir vildu ekki spilla bankanum um leið, sist af öllu kasta honum úr eign og umsjá landsmanna í hendur einhverra gróðabrallsmanna. Þeir vildu, að stjórn bankans væri háð frjálsmannlegu eftirliti þjóðarinnar, en ekki dutlungum hvernar landsstjórnar. Og þeir gátu ekki felt sig við, að þjóðbankinn væri sviftur rjettinum til að geyma það fje, sem best á að vera varðveitt. B. Kr. hjelt enn sem fyr fast við skoðun sína um, að seðlunum væri best fyrir komið hjá sjerstökum banka, og Sig. Eggerz, sem þá var fyrir nokkru orðinn bankastjóri í útlenda hlutabankanum, vildi auðsýnilega ekki beygja sig undir það fjármálalega húsbóndavald, sem Landsbankinn hlaut að fá með seðlaútgáfunni.

Við meðferð málsins við 2. umræðu í Ed. fóru svo leikar, að dagskrá

meiri hlutans var feld með 7 : 7 atkv. Dagskránni fylgdu framsóknarmenn allir 5, Sigurðnr Eggerz og B. Kr. Á móti voru 7 íhaldsmenn. Málið komst með nanm- indnm gegnum 2. umræðu, en var ekki tekið á dagskrá frammar. Stjórnin sá, að hún hafði ekki afl til að koma málinu gegnum deildina á því þingi. Litlu síðar kom fram þingsályktun í Nd. um skipun 5 manna millipinganefndar í banka- málið, og gekk hún greiðlega gegnum þingið. Sjálfstæðismenn kusu í nefndina Ben. Sveinsson, framsóknarmenn Ásgeir Ásgeirsson og Jónas Jónsson, en stjórnar- flokkurinn Magnús Jónsson og Svein Björnsson. Var hinn síðasttaldi skip- aður formaður.

Það, sem olli því, að andstæðingar stjórnarinnar fengu vilja sínum fram- gengt, um að þingið tæki málið úr höndum stjórnarinnar til frekari rannsóknar og fengi það í hendur þingkosinni nefnd, þar sem fylgismenn stjórnarinnar voru í minni hluta, var sú staðreynd, að íhaldsflokkurinn var mjög klofnn í málinu. Allmargir — ef til vill meiri hlutinn — fylgdu fjármálaráðherra, en margir höll- uðust að stefnu B. Kr. um seðlastofnun. Voru það einkum hinir ákafari fylgis- menn erlenda hlutabankans, enda var fast lagst á árina frá mörgum í þeim hóp, í von um, að hægt væri að beina straumnum þannig, að Landsbankinn fengi ekki hið fjármálalega húsbóndavald.

Nefndin hjelt nokkra fundi um vorið. Magnús Jónsson tók að sjer að gera yfirlit um þróun bankamála á Íslandi. Sveinn Björnsson og Ásgeir Ásgeirs- son gerðu ráð fyrir að finna að máli þjóðbankastjóra og merka fjármálamenn viðsvegar á Norðurlöndum og þiggja gagnrýni þeirra og tillögur. Um haustið byrjuðu nefndarmenn reglulega fnndi nm málið. Kom þá í ljós, að einn nefndar- manna, Ben. Sveinsson, vildi ekki byggja á þeim grundvelli, að Landsbankinn yrði seðlabanki. En hinir 4, fulltrúar framsóknar- og íhaldsmanna, urðu aftur á móti sammála um þann grundvöll, og ekki til mnna ósammála nema um nokk- ur skipulagsatriði, er flest voru talin í nefndarálitinu, að því er snerti tvo nefnd- armenn (M. J. og J. J.).

Meiri hluti nefndarinnar breytti frv. í mjög verulegum atriðum, einkum æðstu stjórn bankans, og fylgdi í þeim efnm tillögum merkra erlendra fjármála- fræðinga og reynslu Norðmanna, Svía og Finna um skipulag sinna þjóðbanka. Landsbankinn varð þjóðbanki, viðurkend eign landsmanna. Hlutaeign einstakra manna eða stofnana var að öllu leyti niður feld. Stofnsjeð var ákveðið 3 miljónir, er landssjóður legði fram. Ef það glataðist fyrir óhöpp eða óáran, þá bætti lands- sjóður skaðann. Á þann hátt var fyrirbyggt, að viðskiftamenn bankans þyrftu að óttast, að skifti við bankann gætu orðið ótrygg. Bankinn skyldi starfa í þrem aðskildum deildum: Seðladeild, sparisjóðsdeild og veðdeild. Með því að aðskilja fjárhag og bókfærslu seðladeildar og sparisjóðsdeildar var fylgt hinu þrautreynda fordæmi Englandsbanka og ráðleggingnm eins hins reyndasta bankafræðings í Svíþjóð, auk þess sem það gat skoðast spor í áttina til samkomnlags við ein- hverja af fylgismönnum sjerstakrar seðlastofnunar.

Tillögur meiri hlutans um fyrirkomulag á æðstu stjórn bankans vorn að allmiklu leyti byggðar á reynslu Svía. Þar í landi hefir þjóðbankinn staðið nndir beinni stjórn og vernd þingsins síðan á 17. öld og farnast prýðilega. Þingið kys 48 menn, sinn helming úr hvorri þingdeild, í svo kallaða bankanefnd, sem hefir

æðstu stjórn bankans í höndum sjer, eins og aðalfundur í fjelagi hefir húsbónda-  
vald í málum fjelags sins. Bankanefndin velur úr sex menn til að annast stjórn  
bankans, en landsstjórnin skipar formanninn. Bankaráð þetta er kosið til 4 ára  
í senn. Þessir sjö menn velja úr sinum hópi þrjá menn í framkvæmdarnefnd  
bankans til eins árs í senn. Það eru hinir raunverulegu bankastjórar, og er einn  
þeirra aðalbänkastjóri. Formaður bankaráðsins, binn stjórnskipaði, vinnur mjög  
mikið í bankanum og fylgist með í öllu starfi bankans, nálega eins og hann væri  
í framkvæmdarnefndinni. Bankaráðið alt heldur fund a. m. k. einu sinni í viku,  
en stundum oftár, jafnvel daglega, ef þörf krefur. Þeir bankaráðsmenn, sem ekki  
eru um leið bankastjórar, eru oftast þingmenn líka, og eru þannig trúnaðarmenn  
þingflokka í stjórn bankans. Og í hinni stóru bankanefnd þingsins eru 24  
þingmenn úr hvorri deild.

Fyrirkomulag þetta hefir gefist vel í Svíþjóð, sennilega af því, að á þennan  
hátt hefir þjóðin sjálf, fyrir milligöngu fulltrúa sinna, veg og vanda af því að  
halda gjaldmiðli og fjárhag landsins í rjettu horfi.

Með till. meiri hlutans í millipinganefndinni er stefnt að því að skapa  
bankanum starfsró undir vernd og eftirliti Alþingis. Ekkert hefir verið fjármálum  
þjóðarinnar jafnskaðlegt eins og hið eftirlitslausa fjármálavald, sem hinir erlendu  
bankastjórar hlutabankans fóru með fram um 1920, og býr þjóðin enn að þeirri  
gerð. Er þess og skamt að minnst, að í byrjun yfirstandandi aldar ætlaði flokkur  
gálausra æfintýramanna að leggja niður Landsbankann og fá seðlaútgáfurjettinn  
og fjármálavaldið í landinu í hendur útlendu gróðafjelagi, og skyldi sú ánaud  
standa í heila öld. Svo hætt var þjóðin komin að glata fjármunalegu frelsi, að  
björgun hennar gerðist þá aðallega fyrir karlensku eins manns. Það, sem hefir  
komið fyrir einu sinni, getur komið fyrir aftur. Landsbankanefndin og hið þing-  
kosna bankaráð á að vera trygging fyrir þjóðbankann í framtíðinni. Ef því skipu-  
lagi verður hlítt, þá munu jafnan á hverjum tíma verða margir menn í þinginu,  
sem þekkja hag og ástæður þjóðbankans ítarlega og geta staðið á verði móti  
aðsókn líkri þeirri, er Landsbankinn varð fyrir í byrjun þessarar aldar.

Ýmsir þeir, sem lítt hafa kynt sjer málavexti, hafa reynt að láta lita svo  
út, sem landsbankanefndin og bankaráðið væri hjegómi einn og lítilsvirði fyrir  
framtíðargengi Landsbankans. En þeir sömu menn gæta þess ekki, að svipað  
skipulag er nú þegar þrautreynt í Svíþjóð, og hefir gefið þar hina bestu raun.

Í 67. gr. í frv. meiri hlutans kemur endurkaupaskylda vegna Íslands-  
banka með nokkrum vildarkjörum aftur til greina í nokkuð breyttu formi frá  
því, sem talað var um á þingi 1924, án þess að með fylgdi frumskilyrði endur-  
kaupaskyldunnar, sem var það, að Íslandsbanki afhenti alla seðlaútgáfuna um  
leið og bankalögin kæmu í gildi, og seldi síðasta gullforða sinn. Hefir sú villa,  
sem hjer slæddist inn í frv., komist inn í frv. stjórnarinnar um bankamálið,  
bæði 1926 og 1927.

Meiri hluti millipinganefndarinnar undirritaði álit sitt 4. febr. 1926, en  
minni hlutinn skilaði ekki álitinu sinu fyr en nokkuð var komið fram á þing. Fjár-  
málaráðherra tafði málið mjög með því að gera það að stjórnarfrv., í stað þess  
að fela fjárhagsnefnd að flytja það, eins og sum önnur mikilsverð fjármálafrv.  
Fyrir þessa töf var frv. ekki útbýtt fyr en 17. mars og ekki tekið á dagskrá fyr

en 23. sama mánaðar. Tveim sinnum heimtuðu framsóknarmenn í Nd. málið á dagskrá, en ekki sóttist því betur leiðin gegnum deildina en svo, að þegar það kom til Ed., lýsti forsetinn yfir, að það gæti ekki komið á dagskrá framar, því að komið væri að þingslitum. Var málið þannig úr sögunni á þinginu í fyrra, og má segja, að það væri furðulegt, að stuðningsmenn stjórnarinnar skyldu ekki duga henni betur í þessu efni en raun varð á. Má þó vera, að þeir hafi nokkra afsökun í því, að forustan frá hálfu stjórnarinnar bar ekki vott um, að hún óskaði, að endir yrði bundinn á málið á yfirstandandi kjörtímabili.

Meðan fjármálaráðherra hafði frv. meiri hlutans til geymslu breytti hann því í nokkrum atriðum. Hann gerði öllu gleggri mun á sparisjóði og seðladeild en gert var í frv. Hann breytti ákvæðunum um innlausnarskyldu í hið úrelta horf, að bankinn skyldi innleysa seðla með mótaðri mynt, en ekki gullmiltum. Þá vildi stjórnin ekki viðurkenna, að landið bæri fjárhagslega ábyrgð á bankanum, en bætti í þess stað við ákvæði, sem virtist benda í þá átt, að hún vildi, að hægt væri að skifta um einn eða fleiri af núverandi bankastjórum Landsbankans um leið og lögin gengju í gildi. Þá var og byrjað á að gera endurkaupaskylduna enn óaðgengilegri en áður var, með því að miða við  $\frac{5}{8}$  í stað  $\frac{1}{2}$  af inndreginni seðlaveltu Íslandsbanka.

Við umræður í Nd. kom í ljós, að hugmyndin um sjerstaka seðlastofnun hafði þar nokkurt fylgi, en þó voru hinir miklu fleiri, sem vildu fela Landsbankanum meðferð seðlanna.

Þrjár tillögur komu fram í Nd., sem sýndu viðleitni að breyta frv. að efni í einstökum atriðum. Er fyrst að telja það, að Jörundur Brynjólfsson og Tr. Þórhallsson fluttu tillögu um, að bankinn skyldi halda sjerrjetti sínum til að geyma almannafje, eftir því sem staðhættir leyfðu. Var sú tillaga samþykkt. Þá fluttu Tr. Þórhallsson og Halldór Stefánsson tillögur við 2. og 3. umræðu þess efnis, að bankinn skyldi kaupa jarðræktarbrjef með litlum ágóða, til að tryggja sparisjóð sinn, en jafnframt efla ræktunarsjóðinn, en þær tillögur sjellu, því að ihaldsmenn beittu sjer þar einhuga á móti. Að lokum flutti Sigurjón Jónsson tillögu um, að endurkaupaskyldan á víxlum Íslandsbanka skyldi lækka aðeins um 250 þús., en ekki 500 þús. kr. á ári, frá ára rötum 1933—34. Náði sú tillaga fram að ganga með litlum atkvæðamun. Var hún þýðingarmikil mjög, því að á þann hátt fjekk Íslandsbanki ný hlunnindi, sem líktust seðlaútgáfurjetti, í 20 ár, frá ársbyrjun 1934 og fram yfir miðja 20 öld. Hins vegar má telja það til umbóta, að meiri hluti fjárhagsnefndar í Nd. breytti aftur ákvæði fjármálaráðherra um, að bankastjórnir skyldu missa rjett sinn til starfa sinna um leið og bankalögin gengju í gildi. Var sú tillaga nefndarinnar samþykkt, þrátt fyrir móttöðu stjórnarinnar.

Eftir að Landsbankafrv. hafði strandað á vegum stjórnarinnar í þinglok 1926, heyrðist lítið um bankamálið fyr en í þingbyrjun í vetur, að því frátöldu, að Sigurður Eggerz reyndi að efla flokk á mótstöðunni gegn frv. við landskjörið i vor sem leið. Honum varð að vísu nokkuð ágengt, en þó var það sýnilegt, að hugmyndin um sjerstaka seðlastofnun hafði aðallega fylgi hjá vinum og viðskiftamönnum þess banka, sem fram að þessu hefir farið með seðlaútgáfuna síðan um aldamót.

Í þingbyrjun 1927 lagði stjórnin landsbankafrv. enn fyrir þingið, og höfðu verið gerðar á því nokkrar allverulegar breytingar. Stofnsje bankans var aukið upp í 4 milljónir, eftir tillögum landsbankastjórnanna. Aftan við 15. gr. var bætt nýjum lið, um að stjórnin mætti ábyrgjast veltufje fyrir Landsbankann erlendis, eftir þörfum. Hefir risið gegn þessari grein mikil óánægja í þinginu, því að með viðbót þessari má segja, að þingið sje beðið um að afhenda landsstjórninni og meiri hluta bankaráðs óskorað vald yfir lántökum á ábyrgð allra landsmanna. Mun stjórnin nú sjá, að þessi leið er ófær, og falla frá breytingu þessari. Þá gerir stjórnin tillögu við 61. gr., að ákvæðin um verðbrjefatryggingu fyrir sparisjóðinn skuli ekki koma til framkvæmda fyr en bankaráðið ákveður. Tilgangurinn með þessari breytingartill. er bersýnilega sá, að gefa bankastjórninni undir fótinn um, að hún megi hafa sparisjóðinn allan eða mestallan í víxlum og þurfi ekki að hlíta skynsamlegum ákvæðum um að hafa örugg verðbrjef þar til tryggingar. Mætti þó sýnast nóg að hafa seðlana óinnleysanlega fyrir lausgengið, þótt ekki væri bætt ofan á, að sparisjóðurinn væri án sinnar lögmæltu og eðlilegu tryggingar.

Stjórnin hefir í 68. gr. haldið skilyrðunum um endurkaupaskyldu gagnvart Íslandsbanka með báðum þeim breytingum, er Nd. samþykkti í fyrra og áður eru nefndar. En þar er raunar um sögulegan misskilning að ræða. Endurkaupaskyldan var í hinu fyrsta frv. um seðlaútgáfunna, því sem stjórn Landsbankans undirbjó veturinn 1923—24. Þar voru endurkaupahlunnindin nefnd frá hálfu Landsbankans sem einskonar uppbót fyrir, ef Íslandsbanki afhenti *allan* seðlaútgáfurjettinn þá. En þetta hefir stjórn Íslandsbanka auðsýnilega alls ekki óskað eftir að gera. Þar af leiðir, að Landsbankinn á ekki að borga Íslandsbanka, með fríðindum í 20 ár, þann rjett, sem Íslandsbanki ætlar ekki að láta af hendi. Tilraunir þær, sem gerðar voru í Nd. til að gera endurkaupaskylduna þungbærari og ranglátari í garð Landsbankans, munu vera áframhald af því viðhorfi, sem komið hefir fram í meðferð seðlamálsins gagnvart Landsbankanum. Þegar búið er að sanna, svo ekki verður um deilt, að endurkaupaskyldan hefir aldrei verið annað en uppástunga um borgun fyrir verðmæti, sem gagnaðili hefir ekki óskað eftir að láta af hendi, mætti vænta, að sú krafa á hendur Landsbankanum yrði nú látin falla niður.

Hjer hefir nú verið drepíð á helstu atriðin í gangi seðlamálsins síðan 1923. Málið hefir þrem sinnum verið stöðvað á Alþingi, í tvö skifti af ihaldsmönnum og í eitt skifti, að sumu leyti, af framsóknarmönnum. Sú mótstaða, sem málið hefir á vissum stigum mætt frá framsóknarmönnum, hefir eingöngn miðað að því að bæta skipulag seðlaútgáfunnar og Landsbankans. Þar hefir verulega áunnist í tvö skifti. Fyrst þegar fallið var frá hinu stórhættulega fyrirkomulagi að leggja þjóðbanka landsins að fótiskör fjepúka, sem vildu láta svo lítið að kaupa verðbrjef, hvert á 10 þús. kr., með 15—18% gróðavon, og í öðru lagi, þegar tókst að fá nefnd skipaða, sem hafði aðstöðu til að byggja framtíðarskipulag hins íslenska þjóðbanka á reynslu hinna mentuðustu nábuþjóða og á tillögum þeirra manna í nálægum löndum, sem mesta hafa reynslu í bankamálum.

Hvað fylgismenn stjórnarinnar telja, að málið hafi skýrst við þær tvær stöðvanir, sem þeir hafa valdið, skal hjer látið ósagt. En hitt er einsætt, að þeir



menn, sem fram að þessu hafa stefnt að því að finna hina heppilegustu framtíðarúrlausn þessa þýðingarmikla viðskifta- og menningarmáls, mega ekki hætta við hálfunnið verk. Fari svo, að frv. þetta verði samþykkt þannig, að miklir ágallar fylgi, þá verður að halda áfram umbótaviðleitnioni, þó að markinu verði ekki náð nema með langri baráttu.

Fjárhagsnefndin hefir að þessu sinni klotnað í þrjá hluta, að minsta kosti, og að líkindum er meiri hlutinn um sum atriði frv. þessa annaðhvort í tvennu eða þrennu lagi. Áður en nefndin klotnaði, höfðu komið fram frá einstökum þinginuönnnum uppástungur um mjög viðtækar breytingar á frv. Verði þær samþykktar, getur svo farið, að annar minni hluti verði að bera fram einhverjar breytingartillögur við 3. umræðu, vegna nýmæla þeirra, sem þá kunna að vera komin í frumvarpið.

En eins og nú er komið málunum, leggur annar minni hluti til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGUM.

1. Við 15. gr. Síðari málsgrein falli niður.
2. Við 30. gr. Á eftir fyrsta málsliði kemur nýr málsliður, svo hljóðandi:  
Skal að minsta kosti helmingur verðbrjefaeignarinnar vera í jarðræktarbrjefum, er keypt sjeu nafnverði.
3. Við 35. gr. Í stað orðanna »til 5 ára í senn« í fyrsta málsliði komi: til 2 ára í senn.
4. Við 37. gr. Fimti málsliður greinarinnar (»Ennfremur getur . . . . . banka stjóra frá«) falli burt.
5. Á eftir 51. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:  
Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema öðruvísi sje ákveðið í stofnskrám eða skipulagsskrám. Sama er um ríkisfje og opinbert fje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum.  
Ákvæði greinar þessarar taka ekki til Söfnunarsjóðs Íslands nema að því leyti, sem hann hefir handbært fje á sjóðvöxtum. Sparisjóðir skulu halda rjettindum þeim, er þeir hafa samkvæmt lögum nr. 44, 3. nóv. 1915, um sparisjóði.
6. Við 61. gr. Síðasta málsgrein falli niður.
7. Við 62. gr. Fjórði málsliður orðast sem hjer segir:  
Aðalbankastjóra skal ráða, er tvö sæti hafa losnað í bankastjórninni.
8. Við 68. gr.
  - a. Fyrri málsgrein (»Landsbankinn . . . . . hverfur alveg«) falli niður.
  - b. Í stað orðanna »einhverjir af bankastjórum hans« í síðari málsgrein komi: einhverjir af bankastjórum hans, aðrir en þeir, sem nú gegna þar störfum.

Alþingi, 8. apríl 1927.

Jónas Jónsson.

## Fylgiskjal.

Heiðruð fjárhagsnefnd efri deildar alþingis hefir leitað álits míns um það, hvort dómstólarnir hér mundu líta svo á,

1. að ríkissjóður hafi borið ábyrgð á sparisjóði Landsbankans skv. l. 18. sept. 1885 og

2. hvort ríkissjóður bæri ábyrgð á seðladeild Landsbankans og sparisjóðsdeild hans og fé því, sem lagt er í bankann gegn inlánsskírteinum, ef frumvarp það til laga um Landsbanka Íslands, er nú liggur fyrir alþingi, yrði að lögum.

Mér vitanlega hefir fyrri spurningin aldrei sætt úrskurði íslensks dómstóls. Er því eigi að ræða um neitt fordæmi, er ætla mætti, að dómstólarnir teldu sér skylt að fylgja.

Í annan stað eru eigi í l. 18. sept. 1885 eða síðari lögum um Landsbankann, né í áðurnefndu frumvarpi, nein ákvæði, sem sérstaklega eigi að leysa úr þessum spurningum.

Málið er því bæði fordæmalaust og ólögakveðið, að öðru leyti en því, að lög þessi, er nefnd hafa verið, eða önnur lög, kunna að benda til þess óbeinlínis, hvernig skera ætti úr því. Af þessum ástæðum treysti eg mér ekki til að svara því með neinni vissu, hvernig dómstólarnir mundu líta á mál þetta. Eg get aðeins svarað því frá mínu sjónarmiði, hvernig eg mundi telja rétt að þeir litu á það.

Það er réttarregla, sem almennt er viðurkend, að hver maður beri ábyrgð á hverri þeirri skuldbindingu, sem hann bakar sér, með öllum eignum sínum, nema því aðeins, að sérstök heimild sé til að takmarka ábyrgð hans. Þessi regla gildir eigi aðeins um einstaklinga. Hún gildir einnig um félög og stofnanir og jafnt hvort stofnunin er almannastofnun eða einkastofnun. Einstaklingur getur þannig ekki rekið atvinnu með þeim hætti að hann svari til skuldbindinga þeirra, er af henni rísa, aðeins með nokkrum hluta eigna sína, nema því aðeins að sérstök heimild sé til þess, eins og t. d. er að finna í 13. gr. siglingalaganna nr. 56, 1914. Eins mundi t. d. bæjarfélag eða sveitar eigi geta rekið fyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð, nema sérstök heimild væri til þessa. Sama máli gegnir um ríkið. Ríkissjóður ber ábyrgð á stofnunum ríkisins, að svo miklu leyti sem hann eigi sérstaklega er undan henni skilinn. Það mun varla orka tvímælis að Landsbankinn sé ríkisstofnun. Ríkisvaldið hefir stofnað hann, æðsta stjórn hans er í þess höndum og ríkissjóði er ætlað að taka til sín eignir, er verða kynnu afgangs skuldum, er bankinn kynni að verða lagður niður, sbr. 32. gr. l. 1885, og að taka arð af stofnfé bankans skv. 24. gr. frumvarpsins. Að mínum dómi þyrfti því sérstaka heimild til að undanskilja ríkissjóð ábyrgð á skuldbindingum bankans, og sú heimild virðist mér hvorki vera fyrir hendi í l. 1885 né frumvarpinu. Eg mundi því telja að svara ætti báðum spurningunum játandi.

Annars get eg ekki látið hjá liða að taka það fram, að mér virðist hin lagalega hlið þessa máls skifta litlu máli. En get varla hugsað mér annað, en að bæði þing og stjórn, hvað sem lagaskyldunni liði, teldi það bæði siðferðislega

skyldu og sjálfsgöða pólitíska og fjárhagslega ráðstöfun, að ríkissjóður fullnægði  
slikum skuldbindingum ríkisstofnunar, ef hún eigi megnæði það sjálf.

Reykjavík 11. mars 1927

Virðingarfyllt

*Ólafur Lárusson.*

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis.